

Nr. 003 / 15 Gullberg VE 292***Skipverji slasast í lest***

Skipaskr.nr. 2747 *IMO nr.* 9211810
Smíðaður: Noregi 2000, stál
Stærð: 337,8 brl. 599,6 bt.
Mesta lengd: 37 m *Skráð lengd:* 31,9 m
Breidd: 10,4 m *Dýpt:* 6,53 m
Vél: Caterpillar 1056 kW, 2000
Fjöldi skipverja: 12



Gullberg©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 15. júní 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 3. október 2014 var Gullberg VE 292 á togveiðum á SV miðum. Veður: NV 12-15 m/sek.

Skipverji var að ganga frá afla í lest og hélt í eyra fiskikars þegar skipið tók snögga veltu með þeim afleiðingum að þumalfingur hans klemmdist á milli kara. Fingurinn reyndist brotinn og skipverjinn varð óvinnufær.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverji var að færa til fiskikar í lest og stóð á rist meðfram síðunni en einhver ís var í því.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.